


Rannveig Raymondsdóttir
Hamratanga 15
270 Mosfellsbær



UMHVERFISSTOFNUN

Hellu, 4. júlí 2014

Tilvísun: UST20140700038/ie

Leyfi til upsetningar minnisvarða sunnan Hrafntinnuskers, Friðlandi að Fjallabaki

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Rannveigar Raymondsdóttur, dags. 2. júlí 2014, þar sem óskað er leyfis til að setja upp minnisvarða sunnan Hrafntinnuskers, innan Friðlands að Fjallabaki.

Lýsing framkvæmdar:

Samkvæmt símtali við Rannveigu er óskað eftir því að fá að reisa vörðu og setja á hana minningarskjöld sunnan við Hrafntinnusker, vestan Reykjafjalla, til minningar um eiginmann hennar, Svavar Sæmund Tómasson, sem fórst í vélsleðaslysi á þessum stað þann 13. apríl sl. Hnitið á staðnum er N 63° 55,317'' V 19° 09,417'.

Áhrifamat og skilyrði:

Friðland að Fjallabaki er friðlýst sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 101/1978, og gilda um það ákveðnar reglur um umgengni til að hindra spjöll á náttúru eða röskun á svip landins. Auglýsinguna í heild sinni er að finna á vef Umhverfisstofnunar, www.ust.is.

Meðal þess sem fram kemur er eftirfarandi:

- Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á friðlandinu er háð samþykki Umhverfisstofnunar.
- Óheimilt er að vinna þar náttúruspjöll, svo sem skemma gróður, trufla dýralíf að óþorfu og hrófla við bergmyndunum.
- Skylt er öllum að ganga snyrtilega um friðlandið. Hvergi má þar fleygja rusli á víðavangi né grafa það niður, heldur skal flytja það á brott.
- Umferð véknúinna ökutækja er aðeins leyfð á akvegum og merktum slóðum á friðlandinu, sbr. einnig lög um náttúruvernd nr. 44/1999.

Umhverfisstofnun samþykkir umsókn Rannveigar Raymondsdóttur um gerð einfalds

minnisvarða sunnan Hrafntinnuskers. Leyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Að við gerð vörðunnar verði eingöngu notað grjót frá nágrenni staðarins, þannig að varðan falli vel að umhverfi sínu. Að því skal hugað að lím eða annað sem notað verður til að festa skjöldinn verði eingöngu aftan við hann og sjáist ekki í kring. Nánari leiðbeiningar um slíkt getur undirritaður svæðalandvörður/sérfræðingur gefið.
- Að umgengni um svæðið verði góð og reglum um þau verði í hvívetna fylgt.
- Sérstaklega er áréttar að allur akstur utan vega er bannaður skv. 17. gr. Náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Því þarf að ganga á staðinn frá næsta vegslóða, þ.e. frá Höskuldsskála eða Álfavatn.


Bent er á að auk leyfis Umhverfisstofnunar þarf samþykki sveitarfélagsins Rangárþings ytra.

Að síðustu er umsækjandi beðinn um að hafa samband við undirritaðan svæðalandvörð Friðlands að Fjallabaki, Ingibjörg Eiríksdóttur, í s. 822-4034, þegar til framkvæmda kemur.

Virðingarfyllst



Ingibjörg Eiríksdóttir
Sérfræðingur



Gunnlaug H. Einarsdóttir
Sviðsstjóri

Afrit sent á skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra, Harald Birgi Haraldsson.